



**ACTP**  
ICF ACCREDITED COACH  
TRAINING PROGRAM  
**ICF**

# FRAMHALDSNÁM Í MARKPJÁLFUN

**Allt sem þú vilt vita áður en námið hefst**

Við bjóðum alla velkomna í framhaldsnámið til okkar sem hafa lokið ICF-vottuðu grunnnámi og hafa markpjálfað a.m.k. 30 klst. Við vitum að það eru takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að kenna á 100 klukkustundum en með góðum kennurum, frábærum nemendum, fullkomnu kennslu- og stuðningskerfi á vefnum og brennandi ástriðu fyrir faginu tókum við ákvörðun um að ganga eins langt og við teljum mögulegt hvað varðar efnistök og innihald.

Við erum sérlega stolt af því að vera einu hér á landi sem erum með hästa vottunarstig - eða ACTP vottun - á markpjálfanámi þar sem öll kennsla miðast við PCC-færniviðmið og er því fullnægjandi undirbúningur, ekki bara fyrir ACC-vottun heldur einnig PCC-vottun.

Eftir mikinn undirbúning og þarfagreiningu kenndum við framhaldsnámið okkar í fyrsta skipti haustið 2018. Eftirspurn eftir markpjálfum hefur verið að þróast bæði á einstaklings og fyrirtækjamarkaði. Fyrirtæki eru að kalla eftir teymisþjálfun í mun ríkara mæli og rannsóknir hafa einnig varpað ljósi á að þeir sem kaupa þjónustu markpjálfa vilja gjarna meiri áskoranir og festu.

Við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til að framhaldsnámið hjá okkur standist kröfur og væntingar þeirra nemenda sem koma til okkar í námið bæði hvað varðar efnitök, kennsluhætti og framvindu námsins.




Við erum öll í sama liði og markmið okkar er bæði einfalt og skýrt:  
**Við viljum alltaf gera gott - örliðið betur!**

Ingvar Jónsson  
Framkvæmdastjóri Profectus

Markþjálfun er að opna á möguleika mannsins til að hámarka eigin getu.

Hún gengur út á að hjálpa fólk að læra í stað þess að kenna því.

Sir. John Whitmore



## Hvað gerist eftir að þú ert búin(n) að skrá þig?

**Greiðsla  
staðfestingargjalds** **1**

Til að tryggja endanlega plássið þitt í námið þarf þú að greiða 50.000,- staðfestingargjald. Greiðsluseðill birtist í heimabanka skömmu eftir að skráning hefur borist okkur.

**Sækja um styrk  
ef kostur er á því** **2**

Framhaldsnámið okkar er styrkhæft hjá öllum verkalyðsfélögum og öðrum sem veita styrki til náms. Ef þú hefur rétt a styrk útbúum við greiðslukvittun og önnur gögn sé þess óskað.

**Finna eftirstöðvum  
farveg sem hentar** **3**

Við bjóðum upp á fjölbreyttar leiðir til að ganga frá eftirstöðvum námsgalda. Við getum boðið upp á raðgreiðslur, léttgreiðslur, Netgíró eða skipt greiðslum með nokkrum kröfum í heimabanka.

**Undirbúningur  
fyrir fyrstu lotuna** **1**

Nokkrum dögum áður en námið hefst sendum við þér tölvupóst þar sem við hnykkjum á því helsta sem gott er að hafa í huga áður en námið hefst. Námið er krefjandi og gott að vera undir það búin(n).

**Yfirferð fyrstu lota  
(4 dagar frá 9-16)** **2**

Í fyrstu lotu námsins er áhersla lögð á dýpri skilning hæfnispáttanna, áskorandi markþjálfun, teymismarkþjálfun og fleiri leiðir til að stuðla að vitundarsköpun hjá markþegum.

**Heimavinna  
á milli lotu 1 og 2** **3**

Á milli fyrstu tveggja lotnanna vinna nemendur saman í teymum þar sem þeir nýta aðferðafræði teymisþjálfunar til að stuðla að vexti og lærðom innan teymisins, bæði persónulegum og á teymisgrundvelli.

**Lota 2 - NBI réttindi  
(2 dagar frá 8:30-16:30)** **4**

Eftir lotu tvö öðlast allir nemendur NBI-réttindi og heimild til að vinna með NBI-greiningar. Allir fá sitt heimasvæði í NBI-kerfinu þar sem þeir geta úthlutað lykilordum og haft umsjón með greiningum sinna viðskiptavina.

**Heimavinna  
á milli lotu 2 og 3** **5**

Nemendur skila inn sinni lokaskýrslu til að fá NBI-réttindin. Á þessum tímapunkti fara teymin af stað með lokaverkefnin sem ganga út á að vinna fyrir og með öðru teymi að framförum, úrbótum og auknum styrk sem teymi. Hér reynir á styrk, þroska og umburðarlyndi teyma.

**Yfirferð í lotu 3  
(4 dagar frá 9-16)** **6**

Í lotu þrjú kynna teymin lokaverkefni sín fyrir hópnum. Þá er kennt hvernig endurbótafundur teyma er framkvæmdur. Nemendum er kennt að bera kennsl á mismunandi birtingamyndir meðvirkni og hvernig hún getur staðið í vegi fyrir að bæði markþjálfinn og markþeginn nái tilsettum árangri. Einnig eru tengsl sálfræðinnar við markþjálfun er skoðuð sérstaklega.




## Framhaldsnámið - 104 klst. - 11 vikur


### Vinnuframlag Áætlað vinnuframlag nemanda á viku

Í lok ágúst (viku 34) er smá undirbúningur fyrir námið sem tekur u.p.b. þrjár klst. og viku 11 lýkur þann 13. nóvember með útskrift.

Hér er búið að reikna út vinnuframlag nemanda þegar allt er tekið með í reikninginn, þ.e. allar þrjár loturnar, heimavinna og lestur, 10 klst. í mentormarkþjálfun, hópavinna, verkefnaskil og innsendar upptökur. Þrjár síðustu vikurnar í náminu eru mest krefjandi þar sem nemendur eru að vinna í lokaverkefni í teymum fyrr síðustu lotuna í náminu.

Ekki er í þessum útreikningum eigin markþjálfun nemenda upp í þá 100 tíma sem þarf til að sækja um ACC-vottun.





## Ítarlegri lýsing á tímasetningum og efnistökum

Dags:	Tími:	Fjöldi klst.	Efnistök - Framvinda
fim. 20. ágúst		3	Aðgangur að kennslukerfinu opnaður
fim. 01. sep.	09:00-16:00	6	Dagur 1 í náminu - Fyrsta lota
fös. 02. sep.	09:00-16:00	6	Dagur 2 í náminu - Fyrsta lota
lau. 03. sep.	09:00-16:00	6	Dagur 3 í náminu - Fyrsta lota
sun. 04. sep.	09:00-16:00	6	Dagur 4 í náminu - Fyrsta lota
Milli lotna		15	Heimavinna - Lestur, verkefnavinna og teymisvinna
þri. 13. sep.	Fyrir 22:00	1	Skilafrestur á 30 min. upptöku nr. 1
20.-22. sep.	Samkomulag	1	Persónuleg mentor markþjálfun nr. 1
þri. 13. sep.	17:00-18:30	1,5	Hóp-mentor markþjálfun „Online“
þri. 27. sep.	Fyrir 22:00	1	Skilafrestur á 30 min. upptöku nr. 2
4.-6. okt.	Samkomulag	1	Persónuleg mentor markþjálfun nr. 2
þri. 27. sep.	17:00-18:30	1,5	Hóp-mentor markþjálfun „Online“
fös. 30. sep.	08:30-16:30	7,5	Dagur 4 í náminu - Önnur lota
lau. 01. okt.	08:30-16:30	7,5	Dagur 5 í náminu - Önnur lota
þri. 11. okt.	17:00-2100	4	Hóp-mentor markþjálfun „Online“ (4 klst.)
fim. 13. okt.		3	Heimavinna - NBI-practitioner lokaskýrsla
Milli lotna		20	Heimavinna - Lokaverkefni
þri. 25. okt.	17:00-18:00	1	Q&A vegna lokaverkefnis (kennari til aðstoðar ef þarf)
18.-20. okt.	Samkomulag	1	Persónuleg mentor markþjálfun nr. 3 (nemandi markþjálfar kennara og fær endurgjöf á frammistöðu.)
þri. 25. okt.		1	Skilafrestur á max. 35 min. upptöku nr. 4 (Prófuptaka)
mán. 07. nóv.		1	Skilafrestur á lokaverkefnum (Teymin senda inn skýrslu)
fim. 10. nóv.	09:00-16:00	6	Dagur 7 í náminu - Þriðja lota
fös. 11. nóv.	09:00-16:00	6	Dagur 8 í náminu - Þriðja lota
lau. 12. nóv.	09:00-16:00	6	Dagur 9 í náminu - Þriðja lota
sun. 13. nóv.	09:00-16:00	6	Dagur 10 í náminu - Þriðja lota
sun. 13. nóv.	16:00-17:30	1,5	Útskrift og myndataka




# Lota 1

## Eftir fyrstu lotuna hafa nemendur:

- Fengið upprísun í hæfnispáttunum (Kenndir eru nýju hæfniþættir ICF)
- Lært muninn á ACC og PCC hæfniskröfum
- Kynnst bæði samnemendum sínum og kennurum
- Fengið yfirsýn yfir námið og sett sér markmið varðandi þá útkomu sem þeir vilja fá úr náminu
- Fengið endurgjöf á sína markþálfun út frá PCC-færniviðmiðum
- Gefið endurgjöf á markþálfun út frá PCC-færniviðmiðum
- Lært FACTS módelið sem byggir á áskorandi markþálfun
- Lært að gefa beinskeyttari endurgjöf til markþega
- Lært um þær 3 stoðir sem grundvalla ábyrgðarskyldu markþegans
- Skilning á mismuninum á markmiðum og áskorandi markmiðum
- Skilning á áhrifamætti ZOUD (Zone Of Uncomfortable Debate)
- Lært að vinna með „Kerfis-hugsun“ og af hverju mikilvægt getur verið að vinna með „stóru myndina“ í markþálfasambandinu
- Markþálfafáð og fengið markþálfun með FACTS módelið að leiðarljósi
- Lært hvað Teymisþálfun er og hvað hún er ekki
- Fengið yfirsýn yfir mismunandi hlutverk teymisþálfunar
- Skilning á einkennum árangursríkra teyma
- Lært um stólpana þrjá sem sterkt teymi byggja árangur sinn á
- Lært um mikilvægi tilfinningagreindar við teymisþálfun
- Pekkingu á leiðum til að mynda sálraent öryggi og traust í teymi
- Kynnst vinnukerfum, takti og tólum við teymisþálfun
- Lært að vinna að sameiginlegri sýn teymis og mikilvægi þess að allir í teyminu hafi sameiginlegan skilning á þeirri útkomu sem teymið (og teymisþálfinn) ber ábyrgð á
- Lært um  $360^{\circ}$  mat - bæði tilgang, undirbúning og framkvæmd og ávinning þess að vinna út frá raunstöðu

” Petta nám hjá Profectus hefur breytt lífi mínu. Ekki aðeins hef ég lært að þekkja sjálfan mig upp á nýtt heldur eru viðskiptavinir míni einnig að ná mun meiri árangri en áður.

” Efir markþálfanámið hjá Profectus hef ég lært að hlusta meira og tala minna. Ég hef náð dýpri tengingu við skjólstæðinga mína og þeir taka meiri ábyrgð á eigin bataferli.



# NBI-réttindi

Meginmarkmið lotunnar er að nemendur öðlist NBI-réttindi.

Farið er enn dýpra í hvernig hægt er að nýta heildarhugsun í hlutverki markþjálfa til að stuðla að vexti og framförum, bæði hjá sjálfum sér og sínum markþegum því NBI-verkfærin eru fyrst og fremst hugsuð sem þróunarverkfæri.

Í lotunni er ítarlega farið yfir hugmyndafræði heildarhugsunar og hvernig NBI-greiningar veita okkur dýpri innsýn í eðlisfar fólks og hvar líklegt er að styrkleikar þeirra og þróunarsvið liggja.

NBI-verkfærin hafa verið í stöðugri þróun síðan 1981 og byggja á vísindalegum grunni og viðamiklum rannsóknnum. Til að gera langa sögu stutta, NBI-innsæi styður við alla átta hæfnispætti ICF og nýtist nemendum með margvíslegum hætti við markþjálfun með sama hætti og það nýtist þeirra markþegum, burtséð frá því hvaða aðferð eða sérsvið nemendur hafa tileinkað sér.


## Dagur 4 og 5

### Eftir fjórða og fimmta daginn hafa nemendur:

- Fengið vottun sem NBI-leiðbeinandur og eru orðnir hluti af alþjóðlegu teymi NBI®-markþjálfa
- Lært dýpri og áhrifameiri speglun
- Aukið getu sína til að aðlaga markþjálfun sína betur að hegðun, hugsun og tungumáli þeirra sem þeir markþjálfa
- Lært að nýta Heildarhugsun sér og sínum markþegum til framdráttar
- Lært að skilja hvernig mismunandi persónuleikar sjá heiminn hver með sínum hætti
- Lært að „lesa hugsanir“, hvernig hægt er að finna og lesa í vísbindingar um hvernig fólk hugsar og þar af leiðandi forgangsraðar
- Aukið virðisauka sinn sem markþjálfa með þaulreyndum og rannsokuðum aðferðum NBI®-markþjálfunar
- Aukið fagmennsku og trúuverðuleika í starfi sínu sem NBI-markþjálfar
- Fengið inn á „sinn reikning“ 10 NBI®-greiningar (að verðmæti 65.000) til að nýta til æfinga í náminu eða fyrir sína viðskiptavini.
- Opnað á möguleika til að auka tekjustreymi og „vöruúrvval“ sitt verulega með NBI®-réttindum
- Fengið eigin NBI®-stjórnsíðu (bakenda) á vefnum fyrir sína viðskiptavini þar sem þeir geta sent út og unnið með greiningar
- Fengið „NBI®leiðbeinenda-pakka“ (að verðmæti 55.000,-) með t.d. PowerPoint kynningum (á íslensku og ensku), myndböndum, og margvíslegu kynningarefni til að auðvelda sér markaðssetningu á þjónustu sinni og til að innleiða NBI® í starf sitt og vöruúrvval.

” Ekki aðeins hef ég lært að þekkja sjálfan mig upp á nýtt heldur eru viðskiptavinir mínr einnig að ná mun meiri árangri en áður.


” Frábært nám og hnitmiðað. Það hefur fengið mig til að vilja læra meira og kynna þetta fyrir sem flestum. Mjög öflugt samskiptaform.



# Daur 4 og 5

## Eftir NBI-lotuna hafa nemendur (frh.):

- Bætt þekkingu sína í öllum átta hæfnisþáttum ICF.
- Aukið getu sína til að aðlaga sig betur að hegðun, hugsun og tungumáli þeirra sem þeir markþjálfa, náð dýpri speglun.
- Lært hvernig þeir getua nýtt 360° hugsun, bæði sér og sínum markþegum til framdráttar.
- Aukið virðisauka sinn sem markþjálfi með þaulreyndum og rannsökuðum aðferðum.
- Aukið fagmennsku og trúverðuleika í starfi sínu sem markþjálfi.
- Þú verður vottaður NBI®-leiðbeinandi og hluti af alþjóðlegu teymi heildarhugsunar markþjálfa.



## Sem vottaður NBI-Practitioner:

- Færð þú 10 NBI®-greiningar (að verðmæti 60.000 kr.), til að æfa þig og koma þér af stað.
- Opnast möguleikar á að auka tekjustreymi þitt og þjónustuframboð verulega með því að vera búin(n) að bæta við þig NBI®-réttindum.
- Kaupir þú NBI-greiningar á heildsöluverði hjá Profectus og selur þínum viðskiptavinum með góðri álagningu.
- Færð þú í sína eigin NBI®-stjórnsíðu á netinu fyrir sína viðskiptavini þar sem þú getur sent út og unnið með greiningar.
- Færð þú stuðnings og leiðbeinendapakka (að verðmæti 55.000 kr.) með fjölda PowerPoint kynningar (á íslensku og ensku), auk myndbanda, rannsókna, bæklinga og kynningarefni til að auðvelda þér að innleiða NBI® í þitt eigið efni og námskeið.
- Færð þú áframhaldandi þjálfun, þjónustu og aðstoð við að vinna með NBI® til að skapa þér virðisauka í þínu starfi.



” Námið var frábært! Það fór langt fram úr væntingum og mun nýtast í leik og starfi mínu sem stjórnandi.

” Ég hafði hugsað um þetta í nokkurn tíma að fara í markþjálfanám og er mjög ánægð með að hafa farið í námið hér. Ég hlakka til næstu skrefa með hópnum.

## Lota 3

### Eftir priðju lotu hafa nemendur:

- Skilning á mikilvægi þess að halda reglulega umbótafundi og lært leiðir til að þarfagreina hvernig umbótafundur þjóni þeim tilgangi sem aðstæður krefjast hverju sinni
- Tekið þátt í umbótafundi með sínu teymi undir leiðsögn kennara
- Lært að vinna úr niðurstöðum 360° frammistöðumats sem er hluti af heimaverkefni nemenda á milli lotna 2 og 3.
- Lært muninn á skort-, festu- og vaxtarhugarfari.
- Markþjálfað og fengið markþjálfun byggða á persónulegu 360° frammistöðumati.
- Lært styrkleikamiðaða nálgun í persónulegri stefnumótun
- Kynnst „Multilevel-modeling“, hvernig hægt er að markþjálfa í markvissum þrepum frá hegðun að gildismati.
- Betri skilning á helstu birttingarmyndum meðvirkni?
- Pekkingu á hinum augljósu einkennum meðvirkni?
- Lært spurningamiðaða nálgun tengda meðvirkni?
- Skilning á mikilvægum grunnþáttum sáfræðinnar sem tengjast hlutverki markþjálfans
- Markþjálfað og farið í markvissar æfingar með ofangreint að leiðarljósi
- Lært um fleiri tegundir markþjálfunar. Sú aðferð sem mest áhersla er lögð á í markþjáfanámi er Hugraen markþjálfun (e. Cognitive Coaching). Þegar hingað er komið ættu flestir nemendur að vera tilbúnir til að kynnast öðrum aðferðum og nálgunum.
- Lært um Lausnamiðaða markþjálfun (e. Solution Based Coaching)
- Lært um Umbreytandi markþjálfun (e. Transformational Coaching)
- Lært um Frásagnar markþjálfun (e. Narrative Coaching)
- Markþjálfað og þegið markþjálfun með einni eða fleiri aðferðum sem getið er hér að ofan
- Fengið undirbúning og upplýsingar um lokaverkefni námsins.



” Efir markþjálfanámið hjá Profectus hef ég lært að hlusta meira, betur og dýpra.

Sem sálfræðingur hef ég náð dýpri tengingu við skjólstaðinga mína og þeir taka nú meiri ábyrgð á eigin bataferli.

” Kraftmikið námskeið sem gaf mér fullt af nýjum verkfærum í kistuna. Verkfærum sem ég get nýtt í starfi og einkalífi. Ég lærði aðferð sem er mun áhrifaríkari en þær leiðir sem ég hef notað til þessa við að hvetja aðra áfram í starfi.

” Ég lærði mjög margt um sjálfan mig og fékk afar gott verkfæri til að nota í vinnu minni sem félagsráðgjafi. Ég mæli með þessu námi fyrir alla sem eru að vinna í markmiðasetningu eða við hjálp til sjálfshjálpar með öðru fólk.

## Heimavinna á milli lotna

# Heimavinna 1

### Milli lotu 1 og 2 er heimavinna nemenda að:

- Hitta teymið sitt a.m.k. tvisvar sinnum. Mælt er með einum fundi þar sem allir mæta og öðrum þar sem teymið nýtir tæknina og hittist á fjarfundi.

Í lok fyrstu lotu er hópnum skipt upp í nokkur teymi sem vinna saman á milli lotna þar sem nemendur nýta aðferðafræði teymisþjálfunar til að stuðla að vexti og lærdóm innan teymisins, bæði á persónulegum nótum og á teymisgrundvelli.

- Skila inn sínum fyrstu tveimur 30 mín. hljóðupptökum sem metnar er af þeim mentormarkþjálfa sem hverjum og einum nemanda er verið úthlutað.
- Hittir sinn mentormarkþjálfa í 1-2 skipti og fær mentormarkþjálfun ásamt því að fá skriflegar endurgjafir á sínar fyrstu upptökur.
- Taka þátt í hóp-mentor markþjálfun „Online“ (1,5 klst.).
- Hver og einn tekur ábyrgð á því að markþjálfa markvisst og af áræðni þannig að hann nái a.m.k. 100 tínum (fyrir ACC-vottun) áður en náminu lýkur.

# Heimavinna 2

### Milli lotu 2 og 3 er heimavinna nemenda að:

- Vinna lokaverkefni með samnemendum (sínu teymi).
- Skila inn síðustu hljóðupptökum til yfirferðar.
- Skila inn lokaskýrslu til að fá fullgild NBI-réttindi (þetta er útskýrt mun betur í lok annarar lotu).
- Klára sína vinnu með sínum mentormarkþjálfa.
- Taka þátt í hóp-mentor markþjálfun „Online“ (4 klst.) þar sem lokaverkefnið er kynnt fyrir teymunum og því komið í farveg.
- Undirbúa og framkvæma bæði 360° frammistöðumat og 360° teymismat með sínu teymi (á öðru teymi úr náminu).

”

Námið var frábært!

Ég geng út með fullt af ástríðu og eldmóð, með stútfulla verkfæratösku sem mun nýtast mér vel í leik og starfi.

Umgjörð og skipulag námsins var til fyrirmynadar, alveg upp á 10! Ég lærði mikil um sjálfa mig sem er ekki síður mikilvægt í þessu ferli.



# Lokaverkefni

### Tilgangur lokaverkefnisins

Megintilgangurinn er að fléfta saman með raunverulegum hætti þá lykilþætti sem teknir eru fyrir í náminu, þ.e. teymisþjálfun, markþjálfun, áskorandi markþjálfun, NBI-greiningar og öðrum verkfærum sem nýtt eru til að raungreina frammistöðu og styrkleika bæði teyma og einstaklinga. .

Lokaverkefni (unnið í teymum) þar sem fléftað er saman með raunverulegum hætti þá lykilþætti sem teknir eru fyrir í náminu, þ.e. teymisþjálfun, markþjálfun, áskorandi markþjálfun, NBI-greiningar og öðrum verkfærum sem nýtt eru til að raungreina frammistöðu og styrkleika og veikleika bæði teyma og einstaklinga.

Lokaverkefnið er raunverkefni þar sem öllum nemendateymum er úthlutað 4-6 manna teymi frá völdu fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Þar nýta nemendur nánast allt sem þeir hafa lært í náminu í raunaðstæðum við að greina og styrkja teymið sem þeir fá úthlutað. Þar má nefna NBI-greiningar, 360° mat, styrkleikamat og markþjálfun inni í fyrirtæki, bæði einstaklings- og teymisþjálfun.

Í lokin kynna nemendur sínar tillögur til endurbóta, bæði til þess teymis sem þeir hafa unnið með og einnig fyrir samnemendum og kennurum ásamt því að skila inn skýrslu sem inniheldur bæði framvindu og niðurstöður verkefnisins.

## Kennslukerfið okkar - til stuðnings og upprifjunar ...



” Námið kemur til með að nýtast mér á svo marga vegu, bæði hvað varðar vinnu og einkalíf.

Ég lærði á frábær verkfæri til að horfa á hlutina með öðrum hætti. Ég sé fyrir mér að nýta þetta til að efla liðsheild og innleiða nýja starfsmenn í teymið.

TANKURINN  
Fullkomið kennslúkerfi Projectus

Allir nemendur fá aðgang að sérsmíðuðu kennslukerfi Profectus í heilt ár eftir að námi þeirra lýkur. Í kerfinu hafa þeir aðgang að námsgögnum, verkefnum og öðru stuðningsefni svo sem kennslumyndböndum, fag- og fræðigreinum ásamt öllum verkefnum sem tengjast markþjálfanáminu. Þar geta þeir einnig komið á og viðhaldið sambandi við núverandi og fyrrverandi nemendur Profectus, bæði hérlandis og erlendis.

# Ert langt síðan síðast?

Ertu að koma aftur til leiks eftir langa hvíld?

Það er ekkert til að hafa áhyggjur af því þeir sem skrá sig í framhaldsnámið fá um leið aðgang að öllu því efni sem kennt er í Grunnnáminu okkar. Þar eru í dag tæplega 70 kennslumyndbönd, allar glærurnar úr náminu, öll nýjustu verkefnin og ótal margt fleira sem þú getur strax byrjað að skoða og vinna í til að koma þér í markþjálfagírinn á nýjan leik.



# TANKURINN

- fullur af fróðleik!

## Kennarar í náminu

**Meira en 8,500 klst. revnsla ...**  
þeir kennarar sem skinta á milli sín kennslu í frambaldspáminu:

Þeir kennarar sem skipta á milli sín kennslu í framhaldsnáminu:



PCC Ingvar Jönsson



PCC Laxley Haraldsdottir



MCC Arne Mår Mårsen



PCC Om Haraldsson



**ACC** Valutamärk för svenska


Þeir sem koma að kennslu í markþjálfanáminu eru í hóp reyndustu markþjálfa landsins og hafa allir virka ICF-færnivottun. Samanlagt hafa þeir meira en 8.500 klst. reynslu í markþjálfun og hafa unnið með fólk í úr öllum lögum samfélagsins og fyrirtækjum bæði hérlandir og víða erlendis. Í maí 2019 voru tíu PCC-færnivottaðir markþjálfar á Íslandi. Fjórir af þeim vinna fyrir Profectus. Einnig köllum við reglulega til kennslu aðra sérfræðinga þegar við teljum það auka dýpt námsins.

## Námsefnið og fleira sem þú færð í framhaldsnáminu

# það sem bú færð...

Námsgögn og annað sem er innifalið í verði námskeiðsins:

- 1 - Aðgang að **TANKINUM**, kennslukerfinu okkar - bæði að öllu efni sem tekið er fyrir í Grunnnáminu okkar og einnig öllu því sem fylgir framhaldsnáminu. Í **TANKINUM** er að finna öll verkefnin sem tengjast náminu, kennslumyndbönd af öllu því sem kennt er í náminu auk mikið af áhugaverðum og nyttsamlegum upplýsingum sem gagnast nemendum á sínu ferðalagi. Þennan aðgang hafa nemendur í 12 mánuði eftir að náminu lýkur.  
(að verðmæti 17.880,-)
- 2 - Útprentaða vinnubók með þeim verkefnum sem unnin í tímum.
- 3 - Bókin **Hver ertu og hvað viltu?** eftir Ingvar Jónsson  
(að verðmæti 4.290,-)
- 4 - Bókin **Challenging Coaching** eftir John Blakey og Ian Day  
(að verðmæti 4.900,-)
- 5 - Bókin **The Complete Handbook of Coaching** eftir Elaine Cox, Tatiana Bachkirova og David Clutterbuck (að verðmæti 6.900,-)
- 6 - Bókin **Forysta og tilfinningagreind** eftir Daniel Goleman



- 7 - NBI-Réttindi (að verðmæti 165.000,-) og þitt eigið svæði á vefnum til að sýsla með og senda út NBI-greiningar og halda utan um þína viðskiptavini.  
Á meðan náminu stendur fá nemendur 10 greiningar sér að kostnaðarlausu til að lera og æfa sig.
- 8 - Tíu menntormarkþjálfunar tímar frá PCC-vottuðum markþjálfa (að verðmæti 89.000,-)
- 9 - Fjórar skriflegar endurgjafir á eigin framistöðu í markþjálfun
- 10- Gómsætar veitingar á meðan námskeiðinu stendur, kaffi, te og meðlæti ásamt súpu og heitum mat í hádeginu alla dagana.

... hafðu endilega samband  
ef eitthvað er ennfá óljóst!



### Gagnlegar upplýsingar:

- ▶ Öll kennsla í staðarnáminu fer fram á sveitasetrinu og náttúruperlunni Hótel Kríunesi við Elliðavatn.  
Umhverfið og aðstaðan þar er algerlega í sérflokki og styður einstaklega vel við þann vöxt sem á sér stað í náminu.
- ▶ Í framhaldsnáminu er kennt alla daga frá 8:00-16 en ekki 9-16 eins og í Grunnnáminu. Við ætlumst til að nemendur mæti ávallt tímanlega og séu tilbúnir til verka stundvíslega kl. 8:00.
- ▶ Við höfum valið að vera leiðandi þegar kemur að þróun námsefnis, verkefna, nýrra verkfæra og skapandi leiða til að lyfta hugmyndafræði markþjálfunar á þann stall sem við teljum hana eiga heima.
- ▶ Nemendur fá öll námsgögn, þ.m.t. glósUBLÖÐ og skriffarri og þurfa því ekkert að taka með sér nema þá helst:
  - góða skapið og opin huga
  - hugrekki til að horfast í augu við sjálfan sig og vilja til að vaxa.
- ▶ Við höfum alltaf lagt metnað í að viðhalda og þróa námið hjá okkur þannig að við séum ávallt í fremstu röð meðal jafningja og að kenna það nýjasta sem þekkist í markþjálfaheiminum í dag.